

Iðnaðarnefnd Alþingis
Ágúst Geir Ágústsson
Nefndarritari
Alþingi v/Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 02. mars 2005
2005020012/42-8
SB/ph

Efni: Umsögn um frumvarp til vatnalaga

Vísað er til bréfs iðnaðarnefndar Alþingis dags. 10. febrúar 2005 þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til vatnalaga sem iðnaðarráðherra hefur lagt fram á Alþingi. Einnig er vísað til bréfs Náttúrufræðistofnunar til iðnaðarnefndar dags 31. janúar sl. með umsögn stofnunarinnar um frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum, en þar er að finna atriði sem málið varða.

Í 2. grein frumvarpsins er gildissvið fyrirhugaðra laga skilgreint sem „allt rennandi eða kyrrstætt vatn í hvaða formi sem er á yfirborði jarðar og neðan jarðar, í föstu, fljótandi eða loftkenndu formi“. Í 3. gr., 9. tölulið frumvarps til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum er þessi víðtæka skilgreining á vatni felld undir hugtakið „jarðræn auðlind“. Þess vegna þarf að skoða þessi tvö frumvörp í samhengi.

Í umsögn um frumvarp til laga um rannsóknir og nýtingu á jarðrænum auðlindum lagðist Náttúrufræðistofnun eindregið gegn þeirri fyrirætlun að skilgreina vatn (í hvaða formi sem er) sem jarðræna auðlind og fela umsjón þess iðnaðarráðuneyti og Orkustofnun. Vatn er í grundvallaratriðum frábrugðið öðrum jarðefnum að því leyti að það finnst náttúrlega í þrenns konar formi, þ.e. í föstu-, fljótandi- og loftkenndu formi (sbr ofanskráð) og er aldrei kyrrt á einum stað eða einu eignarlandi heldur á stöðugri hringrás um heiminn. Stofnunin lagði áherslu á að þótt vatn geti verið orkugjafi, og þar með verslunarvara, þá sé það fyrst og fremst lífsnauðsynlegt efni öllum mönnum og öllum lífverum. Forgagnsröðin varðandi umsjón með og vöktun vatns er þessvegna hollustuhættir, umhverfi og orkunýting en ekki öfugt.

Vatn er lífsnauðsynleg auðlind og arfleifð alls mannkyns og alls lífríkis á jörðinni. Þessi hugsun er ráðandi í lagabálkum í nágrannalöndum okkar og kemur vel fram í vatnatilskipun ESB frá 2000 (2000/60/EC, 1. tölulið í formála) sem segir efnislega að vatn sé ekki söluvara heldur sameiginlegur arfur mannkyns sem beri að varðveita, vernda og umgangast í samræmi við það. Nú er unnið að lögleiðingu vatnatilskipunar ESB hér á landi í heildstæðri löggjöf um vernd og nýtingu vatns. Náttúrufræðistofnun

leggst gegn því að sértæk lög um eignarhald og umsýslu með vatni séu lögfest áður en fyrir liggur hvernig vatnatilskipunin verður innleidd.

Eignarrétti yfir vatni og öðrum jarðrænum auðlindum er gert hátt undir höfði í nefndum lagafrumvörpum. Nær væri, að mati Náttúrufræðistofnunar, að styrkja almannarétt gagnvart auðlindum landsins og þá sérstaklega gagnvart vatni í öllum þess formum (sbr t.d. ofangreint ákvæði í vatnatilskipun ESB og ákvæði 1. gr. laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða um að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar).

Verði frumvarpið að lögum fær Orkustofnun umfangsmikið stjórnsýslu- og eftirlitshlutverk með vatni sem eðlilegra væri að Umhverfisstofnun færi með skv. áðurnefndri forgangsröð. Hlutverk Orkustofnunar er fyrst og fremst að hafa umsjón með orkulindum landsins og öflun vatnsorku og jarðhitaorku til iðnaðar- og heimilisnota. Orkustofnun hefur að mati Náttúrufræðistofnunar ekki nægilega þekkingu til að gæta réttmætra hollustu- og umhverfissjónarmiða við stjórnsýslu varðandi vernd og nýtingu vatns. Grunnvatn hefur verið umkomulaust í stjórnkerfinu fram að þessu og nauðsynlegt að setja lög um verndun þess og vöktun. Þar væri eðlilegt að fela Umhverfisstofnun stjórnsýsluhlutverkið en Náttúrufræðistofnun Íslands að annast nauðsynlega vöktun og rannsóknir á þessari mikilvægustu auðlind landsins.

Náttúrufræðistofnun Íslands leggur til að frumvarp þetta verði dregið til baka og að beðið verði með sértæka löggjöf um eignarhald og nýtingu vatns þar til fyrir liggur heildstæð rammalöggjöf um verndun og vöktun vatns í anda vatnatilskipunarinnar.

Náttúrufræðistofnun er fús að mæta á fund iðnaðarnefndar, verði þess óskað, til að útskýra frekar þau sjónarmið sem sett eru fram hér að framan.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS